Chemical composition of mineral constituents are shown in Table 1. There is a significant overlap in mineral composition among the different rock types. All minerals in the troctolite and olivine gabbros have remarkably similar compositions, whereas the olivine-free gabbros have slightly lower Mg#, Al₂O₃ and Cr₂O₃ contents compared to those in the other rock types.

Rock type	Clinopyroxene			Olivine	Plagioclase	Spinel
	Mg#	Al ₂ O ₃	Cr ₂ O ₃	Forsterite	Anorthite	Cr ₂ O ₃
Ol-free gabbro	74.2 (2.5)	3.64 (1.0)	0.14 (0.17)	-	73.6 (8.6)	-
Ol gabbro	77.4 (2.0)	4.6 (1.0)	0.35 (0.2)	76.7 (1.4)	76.6 (8.1)	n.a.
Troctolite	76.4 (2.9)	3.97 (1.4)	0.25 (0.3)	77 (1.6)	78.7 (4.1)	20.2 (11)

Table 1: Average composition of the cores of various mineral phases in the xenolith types of Hamragarðaheiði. Numbers in parenthesis are 1sigma standard deviation. Ol-olivine, n.a.- not analysed.

We have carried out preliminary thermobarometric calculations using the methodology described by Gísladóttir and Bali (this volume). For these calculations, we used the most representative pyroxene compositions of the xenoliths. These preliminary results show that olivine-free gabbros formed between 130 and 440 (± 150) MPa and, $1140 \pm 45^\circ\text{C}$. The olivine gabbros crystallised from a somewhat more primitive magma (Mg#~50) at 440 (± 150) MPa and, $1170 \pm 45^\circ\text{C}$ based on three xenoliths. The troctolite formed at 440 (± 150) MPa and, $1150 \pm 45^\circ\text{C}$.

These preliminary results show that the troctolite and the olivine gabbros are derived from the same depth of 12-13 km. We conclude olivine gabbros might be the products of multiple melt injection. In the second step the originally troctolitic material was enriched in pyroxenes along cracks. Olivine-free gabbros are common in the entire crust from close to the surface down to at least 13 km, where partially they might be interlayered with troctolites.

Acknowledgements: Guðmundur H. Guðfinnsson for his assistance during microprobe analyses and Atli Hjartarsson for the preparation of thin sections.

References:

- Gurenko, A.A., Sobolev, A.V. (2006): Crust-primitive magma interaction beneath neovolcanic rift zone of Iceland recorded in gabbro xenoliths from Midfell, SW Iceland. Contrib Mineral Petrol, 151: 495.
doi:10.1007/s00410-006-0079-2
- Gísladóttir B.Ý., Bali, E (this volume): High resolution study of clinopyroxene zonation and its relationship to magma storage conditions from the Hamragarðaheiði Ankaramite mine, S- Iceland.

Jarðfræði og jarðfræðigarðar í Kína

Brynhildur Magnúsdóttir

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri

Kína er stórt land með jarðsögu sem spannar nánast alla jarðsöguna. Vegna pólítískrar lokunar Kína til skamms tíma og vegna þess að kínverskir vísindamenn eru gjarnir á að birta niðurstöður sínar eingöngu á kínversku, er jarðfræði og hin fjölmörgu jarðfræðifyrirbæri landsins illa þekkt á vesturlöndum. Það sem finnst á veraldarvefnum um jarðfræði Kína er sömuleiðis brotakennt og miðast helst við ferðamenn.

Meðan ég var við skiptinám í Ningbo háskóla veturn 2015 - 2016 heimsótti ég tvo jarðfræðigarða og við það kvíknaði hjá mér áhugi á að reyna að koma saman einhverju heildstæðu yfirliti yfir jarðfræði landsins og skoða betur þessa skemmtilega uppsettu jarðfræðigarða þeirra og því varð til ritgerðin um jarðfræði og jarðfræðigarða í Kína og eru helstu atriði úr þeirri ritgerð kynnt til sögunnar á þessu veggspjaldi.

Berggrunnur Kína er að mestu úr setbergi af ýmsum gerðum og spannar allt frá því að vera myndaður á seinni hluta fornlífsaldar til þess að vera myndaður á nútíma. Vegna flekahreyfinga hefur þessi gamli berggrunnur orðið fyrir ýmsum hremmingum í gegnum tíðina, og er hann því margbögglaður og uppbrotin, með fjallgörðum og hásléttum, og með fjölda setlægða sem margar hverjar innihalda hráolíu og í sumum tilfellum jarðhita.

Jarðskjálftar eru tíðir á hinum fjölmörgu brotflötum í landinu og mannskæðasti jarðskjálfti sögunnar varð árið 1556 í Shaanxi héraði, en í honum léust 830.000 manns, en talið er að skjálftinn hafi verið um M 8,25. Langflestir jarðskjálftana eiga sér stað í tengslum við upplyftingu Himalayafjallana og á flekamótunum við Taivaneyju.

Eldvirkni þekkist í Kína, þó ekki sé hún fyrirferðarmikil. Nú um stundir eru 10 - 15 virk eldfjöll í landinu. Langmesta eldvirkni er að finna í norðausturhluta landsins. Þar á landamærum Kína og Norður-Kóreu er að finna eldfjallið Changbaishan en þar varð mjög stórt eldgos á árunum 1014 - 1019 og er það talið eitt stærsta eldgos á jörðinni á nútíma. Eldvirkni er einnig að finna í og við útjaðra Himalayafjallanna, en þar varð yngsta eldgos í Kína, en það varð í Ashi Shan eldfjallinu í Kunlun fjöllunum árið 1951. Taivan eyja er einnig þekkt fyrir mikla eldvirkni, enda liggur eyjan á flekamótum kyrrahafslekans og asíuflekans. Annað eldvirkrt svæði í Kína er einnig að finna syðst í Guangdong héraði, eða á Leizhou tanganum, og teygir virknin sig yfir á nyrsta hluta Hainan eyju.

Í ljósi aldurs landsins kemur ekki á óvart að gríðarlegur fjöldi steingervinga frá nánast öllum skeiðum lífs á jörðinni finnast víða í Kína. Elstu steingervingar forfeðra mannkyns sem fundist hafa í Kína eru 1,7 milljón ára og fundust í Yuanmao sýslu í Yunnan héraði, en auk þess hafa fjölmargar aðrar leifar mannapa og steináhöld þeim tengd fundist víða í Kína og annars staðar í Asíu og benda rannsóknir á þeim til að hugmyndir um þróunarsögu mannkyns og hvar vöggu þess sé að finna sé töluvert flóknari en áður hefur verið talið. Elstu dýrasteingervingar sem fundist hafa í Kína eru leifar af frumstæðu svampdýri sem fannst í Guizhou héraði og eru þessar leifar taldar um 600 milljón ára gamlar. Helsta fjársjóðskista steingervingafræðinga um þessar mundir í landinu eru steingervingarnir í Liaoning héraði í NA-Kína. Þessir steingervingar eru allir frá miðlífsöld og þar finnast ótrúlega vel varðveittar leifar af risaeðlum af öllum stærðum og gerðum, ásamt ýmsum öðrum leifum dýra og plantna sem lifðu á svæðinu.

Verndun jarðminja og stofnsetning jarðfræðigarða í Kína hófst að einhverju gagni uppúr 1980 og er afrakstur þeirrar vinnu sá að nú eru 193 svæði innan Kína skilgreind sem jarðfræðigarðar

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
10. mars 2017

og er unnið að því að bæta öðrum 45 inn á þann lista. Þessir garðar eru mjög fjölbreyttir og áhugaverðir og endurspeglar fjölbreytileika landsins í bergi, lífríki og umhverfisaðstæðum. Á veggspjaldinu er fjallað stuttlega um sjö þeirra.

1. Danxiashan jarðfræðigarðurinn í Guangdong héraði.

Berggrunnurinn á svæðinu er úr rósrauðum kvarssandsteini sem setist til í grunnsævi á krítartímabilinu. Berggrunnurinn hefur síðan rofist niður niður í svokallað Danxia landslag sem einkennist af klettastrýtum sem þykja minna á karstlandslag, en eru ekki úr kalksteini og finnast meira en 600 formfagrarr klettastrýtur á svæðinu, ásamt fjölda steingervinga og 6000 ára gömlum mannvistarleifum.

2. Zhangye Danxia jarðfræðigarðurinn í Gansu, eða “Regnbogafjöllin í Kína”

Berggrunnurinn samanstendur af missamlímdum lögum og mjög litfögrum lögum af sandsteini, sitltsteini, leirsteini, sandi og völubergi. Litinn fengu setlögin þegar grunnvatn lék um jarðlögin eftir að þau risu úr sæ.

3. Zhangjiajie jarðfræðigarðurinn í Hunan héraði.

Stórfenglegar kletta og steidrangamyndanir í kvarssandsteini og völubergi frá seinni hluta fornlífsaldar. ofan á kvarssandinum og völuberginu liggar síðan kalksteinn frá perm og tríastímabilunum. Kvíkmyndin Avatar var að hluta til tekin upp innan garðsins.

4. Shilin Jarðfræðigarðurinn í Yunnan héraði.

Stórfenglegt karstlandslag sem einkennist af háum og mjóum steinsúlum og öðru því sem tilheyrir karstlandslagi. Shilin þýðir bókstaflega steinskógor.

5. Leiqiong jarðfræðigarðurinn syðst í Guangdong héraði og á Hainan eyju.

Besti eldfjallajarðfræðigarður Kína með fjölmörgum menjum um nútima eldvirkni.

6. Yandangshan jarðfræðigarðurinn í Zhejiang héraði.

Menjar um eldvirkni frá krítartímabilinu, með góðri innsýn inn í þrívít lítkana af eldfjalli sem þróaðist yfir í öskju, og aðrar menjar sem tengjast súrri eldvirkni.

7. Funiushan jarðfræðigarðurinn í Henan héraði.

Tekur yfir stóran part af Qinling fellingsfjallgarðinum sem myndaðist á miðlifsöld. Þar má finna myndbreytt berg, reisulega granítfjöll og leifar af fornri skorpu frá archean tímabilinu. Þarna finnst einnig besta jaðið í Kína ásamt ýmsum öðrum sjaldgæfum steindum.

Inflations events and quiescent periods at Þeistareykir central volcano since 1993

Vincent Drouin¹, Freysteinn Sigmundsson¹ and Sigrún Hreinsdóttir²

¹ Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland

² GNS Science, New-Zealand

The Þeistareykir volcanic system is the northernmost of the five main volcanic systems in the Northern Volcanic Zone of Iceland (NVZ). It is located near the junction between the divergent plate boundary in the NVZ and the Husavík-Flatey Fault. Eruptive activity of the central volcano is low, the last eruption taking place about 2500 years ago. Other lava flows are older than 10.000 years. Rifting events without eruptions may have occurred in the area in 1618 and 1885 but it is uncertain if it was originating from Þeistareykir central volcano or from a nearby off-shore volcano.

We investigated ground deformation measurements acquired over the area since 1993. This includes campaign GPS surveys, continuous GPS monitoring, and several InSAR time-series from different satellites. It appears that the central volcano is located at the western boundary of the present extension zone across the NVZ. Observations also show two possible inflation periods in the central volcano, the first one during 1995-1996 and the second one during 2006-2008. For the latter inflation period, an uplift of about 60-80 mm is inferred from InSAR and GPS observations. Since 2008, subsidence of a few mm/yr is observed in the Þeistareykir area.




Figure 3: Ground deformation measurements derived from Envisat T230 InSAR time series over Þeistareykir and Krafla during 2004-2010. **Left:** Average velocities along the line-of-sight from ground to satellite. Profiles (colored dotted lines), sampling area for time series (black crosses), and satellite look direction (arrow) are indicated. Background shows Krafla (K) and Þeistareykir (P) central volcanoes (dashed line), caldera rim (comb line), and road 1 (black line). **Up:** profiles across the Þeistareykir central volcano (green), Krafla geothermal area (blue), and the Bjarnarflag area (red). **Right:** time series of average LOS displacement at Þeistareykir (green), Krafla (blue), Bjarnarflag (red), and Gjástykki (yellow) sampling areas.

Jarðskjálftavirkni á Reykjanesi 2013-2016

Egill Árni Guðnason og Kristján Ágústsson

Íslenskar orkurannsóknir ÍSOR, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Frá janúar 2013 hefur ÍSOR rekið þétt net jarðskjálftamæla á Reykjanesi fyrir HS Orku vegna orkuvinnslu á Reykjanesi. Skjálftamælanetið samanstendur af 7 skjálftamælum ÍSOR ásamt aðgengi að 4 skjálftamælum í landsneti Veðurstofu Íslands. Tilgangur rekstursins er að afla upplýsinga um innviði jarðhitakerfisins á Reykjanesi og áhrifum vinnslunnar á það, einkum með tilliti til örvaðra jarðskjálfta.

Í þessu erindi verður greint frá niðurstöðum úrvinnslu úr staðbundna jarðskjálftamælanetinu fyrir tímabilið frá janúar 2013 til og með nóvember 2016. Samtals hafa verið staðsettir um 4850 jarðskjálftar á Reykjanesi og í nágrenni, en þar af tilheyrðu 880 jarðskjálftar skjálftahrinu sem varð suðaustan Reykjaness um miðjan október 2013. Skjálftavirkni á Reykjanesi á þessu tímabili einkennist af dreifðri virkni lítilla jarðskjálfta ($M_L \leq 2$) innan jarðhitasvæðisins og stöku hrinum í bland við dreifða virkni utan þess. Á vinnslusvæðinu mælast jarðskjálftar á því dýptarbili þar sem vinnslan fer fram, þ.e. í efstu tveimur kílómetrum jarðskorunnar. Dýpi jarðskjálfta frá janúar 2013 til nóvember 2016 benda til marka brotgjarnrar og deigrar jarðskorpu undir jarðhitasvæðinu á Reykjanesi á 5,5-6 km dýpi, þar sem vænta má hitastigs á bilinu 550-700°C.

Niðurdæling á allt að 200 kg/s í holu RN-20b á Reykjanesi á þessu tímabili virðist ekki örva skjálftavirkni á svæðinu að neinu marki. Örvuð skjálftavirkni hefur hins vegar mælst i) suður af Sýrfelli af völdum niðurdælingar í holu RN-33, ii) norður af Sýrfelli af völdum örvunar og niðurdælingar ferskvatns í holu RN-34 og iii) af völdum djúpbörunar holu IDDP-2.

Brotlausnir jarðskjálfta sem urðu í skjálftahrinu suðaustan Reykjaness í október 2013 sýna að austan línu um Valbjargargjá í Sýrfell eru sniðgengi ráðandi. Á vinnslusvæðinu og í nágrenni þess eru brotlausnir breytilegar og samgengi koma fyrir. Almennt benda brotlausnir á Reykjanesi til þess að svæðið sé mjög brotið, spennusvið breytilegt og að sprungur sem skjálftar verða á hafi mismunandi stefnur og færslur. Sambærileg mynstur hafa sést á fleiri jarðhitasvæðum á Íslandi.

Hvað er að fréttu af Kötlu köldu?

Eyjólfur Magnússon¹, Finnur Pálsson¹, Magnús Tumi Guðmundsson¹, Joaquín M. C. Belart¹, Etienne Berthier², Águst Þ. Gunnlaugsson¹, Þórdís Högnadóttir¹, Guðfinna Aðalgeirs dóttir¹, Alexander Jarosch¹ og Bergur Einarsson³.

¹ Jarðvísindastofnun Háskólangs

² Laboratoire d'Etudes en Géophysique et Océanographie Spatiales, Centre National de la

³ Recherche Scientifique (LEGOS – CNRS), Université de Toulouse

⁴ Veðurstofa Íslands

Katla kalda er þriggja ára rannsóknarverkefni sem styrkt er af Rannís og hófst vorið 2016. Rannsóknarsvæði verkefnissins er háhvel Mýrdalsjökuls sem þekur Kötluöskjuna. Annað af meginmarkmiðum verkefnisins er að auka skilning okkar á sigköltnum í yfirborði jöklusins sem dreifa sér að mestu nærri brúnum öskjunnar. Reynt verður að svara spuringinum eins og: Hvaða umhverfisþættir valda því að vatn getur safnast fyrir undir sumum kötlunum meðan undan öðrum er jafnvel sírennsli? Hver er þáttur skafrénnings í afkomu katlanna? Hitt meginmarkmið verkefnisins er að bæta vöktun katlanna. Gætum við með bættri vöktun séð t.d. fyrir atburði eins og í júlí 2011 þegar jökulhlaup undan sigkölum í austanverðum jöklinum tók af brúna yfir Múlakvísl? Til að vinna að ofangreindum markmiðum verður aflað umfangsmikilla ganga á verkefnistímanum, bæði í felti og með fjarkönnun. Feltmælingarnar samanstanda m.a. af íssjármælingum, snjóþykktarmælingar (snjóradarsnið og afkomukjarnar), GPS-mælingum (yfirborðssnið, stikumælingar og samfelldar mælingar úr stöðvum sem komið er fyrir í sigköltnum) og mælingar á veðurþáttum með sjálfvirkum veðurstöðvum. Til fjarkönnunarganga sem notuð eru í verkefninu er helst að telja ljósmyndir teknar eru úr gervitungum og flugvélum. Þær eru nýttar til gerðar hæðarlíkana sem gefa hæðarbreytingar á yfirborði jöklusins bæði til langs (áratugi) og skamms tíma (vikur). Að auki verða gögn um skammtíma yfirborðsbreytingar í sigköltnum samtúlkaðar með mælingum á vatnsrennsli og leiðni jökuláa sem renna frá Mýrdalsjökli sem vatnamælingar Veðurstofunnar afla. Í þessu verkefni verður greint fá þeim mælingum sem aflað hefur verið á því tæpa ári sem liðið er af verkefninu og frumniðurstöðum þeirra.

Stöðugleiki fjallshlíða við innanverðan Reyðarfjörð. Rannsókn á þróskuldsgildi og öðrum áhrifaþáttum.

Guðbjörn Margeirsson¹, Þorsteinn Sæmundsson² og Hreggviður Norðdahl³

¹ Jarðvísindadeild Háskóla Íslands, ² Líf og umhverfisvíðasvið Háskóla Íslands,

³ Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands

Mikilvægasti áhrifapáttur orsaka aurflóða er úrkoma, en magn úrkому, ákafi og tímalengd, sem þarf til að koma aurflóði af stað er mjög breytilegt á milli einstakra svæða. Það eru ýmsir þættir sem þar skipta máli, svo sem halli og afstaða hlíða gagnvart úrkомуátt, gerð og magn lausra jarðefna, gróðurfar og dreifing árfarvega. Fleiri þættir hafa einnig áhrif t.d. vindstyrkur og vindátt en einnig hitastig lofts og jarðvegs. Þessi rannsókn miðar að því að skoða tengsl þessara þáttu við skriðuföll við innanverðan Reyðarfjörð og ákvarða staðbundin þróskuldsgildi, ásamt því að skoða gerð og þykkt efnis á tveimur svæðum, í Fosshal og Nónbotnum.

Rannsóknasvæðin tvö eru í suðurhlíðum Reyðarfjarðar, við innanverðum fjörðinn. Annars vegar er um að ræða skálarlaga dal – Fosshal, sem snýr á móti norðri og hallar öllum hlíðum hans jafnt þar til að hann endar í 100 metra háu bergstáli. Í hlíðum dalsins er 30-100 sentímetra þykkt lag af jarðvegi og bergmulning sem þykknar eftir því sem neðar dregur í dalnum og er það nokkurra metra þykkt meðfram árfarveginum á botni dalsins. Þann 4 júlí árið 2005 fóllu þar samtímis nokkrar skriður í skammvinnu en áköfu rigningarveðri. Upptök flestra skriðanna voru í 500-600 metra hæð og runnu þær ofan í árfarveginn á botni dalsins, þaðan út úr honum og til sjávar.

Hitt svæðið er tveimur kílómetrum innar í firðinum og þar félล skriða úr lausu efni framan við stóran stall í fjalllinu Skessu, en stallurinn kallast Nónbotnar. Hér snýr hlíðin á móti norðvestri og eru upptök skriðunnar í um 280 metra hæð og rann hún niður í um 100 hæð áður en meginmassi hennar stöðvast. Lítill hluti skriðunnar hélt áfram niður dalinn, út í Stuðlaá og eftir farvegi hennar til sjávar. Skriðusárið var um 140 metra breitt, rúmlega 200 metrar á lengd og um 25 metra djúpt þar sem það var dýpst. Rúmmál skriðunnar er því lauslega áætlað um 400.000 m³. Þrátt fyrir að dýpi skriðusársins sé allt að 25 metrar sást hvergi í berggrunn í skriðusárinu og því má ætla að þykkt setsins þarna sé meiri en 25 metrar. Þessi skriða félล í kjölfar langvinnrar úrkoma og mældist úrkoma á Kollaleiru 971,5 mm, en Kollaleira er aðeins 4 kílómetrum norðaustan við Nónbotna.

Bergrunnurinn við innanverðan Reyðarfjörð er úr 2ja-30 m þykkum hraunlögum af tertíeraldri, en saman mynda þau tvær þekktar hraunlagasyrpur. Á milli þeirra eru ýmiskonar setlög. Þykkari syrpan kallast Hjálmadalssyrpa og er hún að mestu gerð úr þóleítískum hraunum. Hin kallast Grænavatnssyrpa og er dílabasaltsyrpa, sem er víða þekkt á Austurlandi og er þykkt hennar í Reyðarfirði um 100 m (Walker, 1958). Á þessum slóðum eru tvö þykk lög úr harðnaðri gosósku á milli hraunlaganna (Riishus og Óskarsson, 2014). Annað lagið, það sem ofar er, kallast „Skessatuff“ og er það neðan við Hjálmadalssyrpuna í rúmlega 400 m hæð í Nónbotnum. Um 100 m neðar er nafnlaust lag, sem er um 12 m þykkt og hefur litla útbreiðslu á þessum slóðum (Walker, 1958).

Heimildir:

Walker, G.P.L. (1958). GEOLOGY OF THE REYDARFJORDUR AREA, EASTERN ICELAND. *Quarterly Journal of the Geological Society*, 114, 367-391.

Óskarsson, B.V. og Riishus, M.S. (2014). The mode of Neogene flood basalts in eastern Iceland: Facies architecture and structure of simple aphyric basalts groups. *Journal of Volcanology and Geothermal Research*, 289, 170-192.

A validation of empirically derived SO₂ emissions from the 2014-2015 eruption on Dyngjusandur, North Iceland

S. Grocke¹, T. Thordarson¹, E. Bonny^{2,3}, R. Wright², A. Höskuldsson¹ and I. Jónsdóttir¹

¹Faculty and Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Reykjavik, Iceland

²Hawai'i Institute of Geophysics and Planetology, University of Hawai'i at Mānoa, Honolulu, HI

³Department of Geology and Geophysics, University of Hawai'i at Mānoa, Honolulu, HI

The 2014-2015 basaltic fissure eruption on Dyngjusandur, North Iceland was an archetypical Icelandic eruption and the largest by volume in the country for more than 200 years. With the magma discharge as well as the melt composition now constrained, the eruption at Dyngjusandur is an ideal place at which to test whether pre-eruptive sulfur (S) contents calculated using the empirical method agree with those measured directly in glasses. Using the empirical method, as developed by Thordarson et al. (2003), we estimate the percent of SO₂ degassing at the vent for the duration of the eruption using the TiO₂/FeO value in melt inclusions (0.156). The empirical method yields an initial S concentration in the melt of 1422 ppm, which is in excellent agreement with the S concentration measured directly in melt inclusions (1400 ppm). Similarly, the empirical method yields a S concentration in the residual glass of 436 ppm, which is in excellent agreement with the S concentration measured directly in matrix glasses (425 ppm). This agreement demonstrates the effectiveness of the empirical method for establishing pre- and post-eruptive S contents as well as for reconstructing the SO₂ emissions of a basaltic fissure eruption. The difference between the initial and the degassed values, calculated and measured, implies approximately 70% degassing of the sulphur upon venting. The total volume of lava produced by the eruption is 1.2 km³ calculated as dense rock equivalent (DRE), as determined from 1-m-resolution post-eruption digital elevation model of the lava flow field (Jónsdóttir et al., 2016). These values give a mass flux of 5.3 Mt of SO₂ per km³ of magma erupted. Applying this mass flux to the high-resolution magma discharge reported in Bonny et al., (in prep), we reconstructed the SO₂ emissions for the duration of the eruption from August 31, 2014 to February 21, 2015 (Fig. 1). This reconstruction indicates SO₂ emission rates up to ~140 kilotons per day (kt/d) and an average emission rate for September of 88 ± 27 kt/d. These values are in good agreement with the average daily mass burdens of 99 ± 41 and 61 ± 18 kt/d of SO₂ calculated for September using the Ozone Monitoring Instrument (OMI) and the Infrared Atmospheric Sounding Interferometer (IASI), respectively (Schmidt et al., 2015). We estimate an average SO₂ emission rate for the entire 6-month eruption of 58 ± 29 kt/d and the total emission as 7.3 Mt (= teragrams) of SO₂. Observations suggest that vigorous lava fountaining, while prevalent during September and into October, then diminished steadily during the course of the eruption leading to activity best characterized as variably gentle boiling. Hence, it is possible that the efficiency of vent degassing decreased in par with diminishing eruption vigor and for this reason we consider our estimates to be maximum values.




Figure 1. Reconstructed SO₂ emission rates for the duration of the eruption on Dyngjusandur, North Iceland from August 31, 2014 to February 21, 2015

References

- Bonny, E., Thordarson, T., Wright, R., Höskuldsson, A., Jónsdóttir, I., in prep. The volume of lava erupted during the 2014 to 2015 eruption at Holuhraun, Iceland: a comparison between satellite- and ground-based measurements.
- Jónsdóttir, I., Höskuldsson, Á., Thordarson, T., Bartolini, S., Becerril, L., Marti Molist, J., Þorvaldsson, S., Björnsson, D. and Höskuldsson, F., 2016, April. The eruption in Holuhraun, NE Iceland 2014-2015: Real-time monitoring and influence of landscape on lava flow. In *EGU General Assembly Conference Abstracts* (Vol. 18, p. 11031).
- Schmidt, A., Leadbetter, S., Theys, N., Carboni, E., Witham, C.S., Stevenson, J.A., Birch, C.E., Thordarson, T., Turnock, S., Barsotti, S. and Delaney, L., 2015. Satellite detection, long-range transport, and air quality impacts of volcanic sulfur dioxide from the 2014–2015 flood lava eruption at Bárðarbunga (Iceland). *Journal of Geophysical Research: Atmospheres*, 120(18), pp.9739-9757.
- Thordarson, T., Self, S., Miller, D.J., Larsen, G. and Vilmundardóttir, E.G., 2003. Sulphur release from flood lava eruptions in the Veidivötn, Grímsvötn and Katla volcanic systems, Iceland. *Geological Society, London, Special Publications*, 213(1), pp.103-121.

Þróunarsamvinna og jarðhiti í Austur-Afríku.

Gylfi Páll Hersir¹, Daði Þorbjörnsson¹ og Davíð Bjarnason²

¹Íslenskar Orkurrannsóknir (ÍSOR), ²Utanríkisráðuneytið

Jarðhita er víða að finna í ýmsum löndum Austur-Afríku einkum í sigdalnum mikla. Orkan er nýtt til raforkuframleiðslu í tveimur þeirra, Kenía í umtalsverðu magni (650 MWe) og Eþíópíu í talsvert minna mæli (7,3 MWe). Meðal annarra landa í Austur-Afríku þar sem er jarðhita er að finna má nefna Eritre, Djibútí, Tansaníu, Malaví, Rúanda, Búrundi og Úganda, en í sumum þeirra er lághita einungis að finna. Töluvert hefur skort upp á þekkingu heimafólks hvað varðar rannsóknir og nýtingu jarðhitans. Afköst vatnsaflsvirkjana í Austur-Afríku hin seinni ár hafa farið minnkandi samfara miklum þurrkum og er nýting annarra orkugjafa því enn meira aðkallandi. Raforka er lykillinn að framförum, menntun og bættum lífsgæðum í heiminum. Jarðhiti er vannýtt orkuauðlind og þarna felast mikilvæg tækifæri til aukinna lífsgæða til handa alþýðu manna og kvenna í þessum heimshluta. Þekking og kunnáttu heimafólks er sérlega mikilvæg í framþróun jarðhitanytingarinnar.

Jarðhitaverkefni þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins (ICEIDA) og Norræna þróunarsjóðsins (NDF) hófst árið 2013 og lýkur á þessu ári. Einn af hornsteinum þessa verkefnis miðar að því að aðstoða lönd í sigdalnum í Austur-Afríku við rannsóknir og mannaúðsuppbyggingu á sviði jarðhitanytingar með það að markmiði að auka möguleika þessara landa til nýtingar sjálfbærrar og hreinnar orku. Auk nýtingar til raforkuframleiðslu eru tækifæri til beinnar nýtingar svo sem við þurrkun matvæla. Íslensk jarðhitapekking gegnir lykilhlutverki í því að skilgreina allar rannsóknir og tryggja gæði þeirra svo og við þjálfunarverkefni.

Jarðhiti er að mörgu leyti tæknilega snúið viðfangsefni, og margir óvissuhættir sem fléttast inn í áætlanir landa. Verkefni ICEIDA og NDF, hefur miðað að því að aðstoða lönd við að klára fyrstu skref jarðhitarannsókna, og fá úr því skorið hvort að líklegt sé að nýtanlega jarðhita megi finna í viðkomandi löndum. Á þessu stigi er fólgin talsverð áhætta og allt eins líklegt að niðurstöður leiði í ljós að ekki sé til staðar nægjanlegur jarðhiti til frekari þróunar. Í þeim tilfellum sem jákvæðar niðurstöður fást, taka svo við tilraunaboranir þar sem verkefni Alþjóðabankans og Afríkusambandsins og fleiri aðila, taka við keflinu og aðstoða lönd við að taka á og lágmarka þá áhættu sem felst í tilraunaborunum.

Yfirborðsrannsóknum með tilstyrk ICEIDA/NDF er nú ýmist lokið eða eru í fullum gangi á nokkrum svæðum í Eþíópíu, Keníu, Eritre, Djibútí og Tansaníu. Auk þess hefur ICEIDA/NDF veitt margháttu aðstoð í ýmsum stigum við þróun jarðhitarannsókna, m.a. í Rúanda, Búrundi, Úganda og Malaví. Þá hafa verið haldin margs konar námskeið í þessum löndum á sviði rannsókna, borana og nýtingar jarðhita í því skyni að auka þekkingu heimafólks á þessu svið.

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
10. mars 2017



Magma storage conditions in the Southern part of the Veiðivötn fissure swarm

Haraldur Gunnarsson, Enikö Bali and Þorvaldur Þórðarson

Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Reykjavík, Iceland

We studied the chemical composition of groundmass glass, minerals, including macrocrysts and the melt inclusions they contain, in three plagioclase-olivine-clinopyroxene phryic tephra from the approximately 8 ka Brandur, Fontur and Saxi tuff cones. These tuff cones are situated in the Southern segment of the fissure swarm of the Bárðarbunga-Veiðivötn volcanic system in the Eastern Volcanic Zone of Iceland. The objective of the study was to estimate the storage conditions of the magma and compare these conditions to those observed for the 2014-2015 eruption at Holuhraun, which has a geochemical fingerprint identical to the magma erupted from the northern fissure swarm of the Bárðarbunga-Veiðivötn system despite its location within the southern segment of the fissure swarm of the Askja volcanic system.

Pressures were calculated using the new implementation of the olivine-plagioclase-augite-melt (OPAM) barometer (Hartley et al., submitted) as well as the clinopyroxene-melt barometer of Putirka and Neave (2017). We observe that there is an excellent agreement between the results of OPAM barometry and clinopyroxene-melt barometry in samples where both barometers are applicable (Fig. 1). The presence of spinel inclusions in olivine macrocrysts allowed us to determine the oxygen fugacity conditions at the time of crystallisation using the calibration of Nikolaev et al (2016).

OPAM and clinopyroxene-melt thermobarometry suggest that microphenocrysts have crystallised at an average pressure of 140 ± 150 MPa pressure and $\sim 1180^\circ\text{C}$ temperature (Figure 1). This indicates that olivine, clinopyroxene and plagioclase last equilibrated with the groundmass glass at an average depth of approximately 4 km probably during the transport towards the surface.

Pressures and temperatures calculated from melt inclusions are higher, on an average 270 ± 130 MPa and $\sim 1230^\circ\text{C}$ corresponding to an average entrapment depth of 7.7 km. The highest recorded inclusion entrapment pressure was 480 ± 130 MPa, suggesting magma storage conditions as deep as 15 km (Fig. 1). The oxygen fugacity at the time of crystallisation was between -0.01 to -0.63 logarithmic units relative to the FMQ buffer. These values are somewhat higher than values generally assumed for Icelandic primitive melts.

Compared to the 2014-2015 eruption at Holuhraun the temperature of the magma carried the macrocrysts to the surface during the eruption of Brandur, Fontur and Saxi was essentially the same. The last equilibration of the magma prior to the eruption happened probably somewhat shallower than in the eruption at Holuhraun, however this difference is close to the uncertainty of the geobarometers. The majority of crystallisation and melt inclusion entrapment during the 2014-2015 eruption at Holuhraun on the other hand coincides with the melt inclusion entrapment conditions determined in this study (Fig. 1).

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
10. mars 2017




Figure 1: Comparison of groundmass crystallisation and melt inclusion entrapment pressures between the products of Brandur, Fontur, Saxy tuff cones (bars) and the 2014-2015 eruption at Holuhraun (solid and statippled lines). Data from Hartley et al. (submitted).

References:

- Nikolaev G.S., Ariskin A.A., Barmina, G.S., Nazarov, M.A., Almeev, R.R. (2016): Test of the Ballhaus–Berry–Green Ol–Opx–Sp oxybarometer and calibration of a new equation for estimating the redox state of melts saturated with olivine and spinel. *Geochemistry International*, 54/4, 301-320.
- Neave D.A., Putirka, K.D. (2017): A New Clinopyroxene-liquid Barometer, and Implications for Magma Storage Pressures under Icelandic Rift Zones. In press.
- Hartley M.E., Bali E., Halldórson S.A., MacLennan J., Neave D.A.: Petrology and geochemistry of the 2014-2015 eruption at Holuhraun, North Iceland: Melt inclusion constraints on petrogenesis. Submitted to Contributions to Mineralogy and Petrology

Hverjar eru myndunaraðstæður kviku undir Heklu? Efnagreiningar á steindum og gleri í gjósku frá árinu 1158

Ingibjörg Andrea Bergþórsdóttir¹ og Olgeir Sigmarsson^{1,2}

¹ Jarðvísindadeild og -stofnun Háskóla Íslands, Öskju, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík.


² Laboratoire Magmas et Volcans, CNRS-Université Blaise Pascal, Clermont-Fd., France

Kíslík kvika á Íslandi er talin myndast á tvennan máta. Annars vegar er það með hlutkristöllun á basaltkviku þar sem kristallar skiljast frá bráðinni og hún verður því ríkari af þeim eftum sem ganga verr inn í kristalla eins og kísill (Si), natrúum (Na) og sér í lagi kalíum (K). Hins vegar við hlutbræðslu á vatnaðri skorpu og þá leysast fyrst út þau efni sem síðast gengu inn í kristalla. Sá varmi sem bræðir skorpuna kemur frá basalt kviku sem rís upp frá móttli. Þar sem lítið magn af basalti kemur inn í skorpuna, er hitastigull hennar lágur og því bráðnar hún ekki en kælir basaltið sem með hlutkristöllun getur þróast yfir í kíslíkari kviku. Á hinn bóginn, bráðnar skorpan auðveldlega, að hluta til, þar sem innstreymi basalts er mikið og hitastigull því hár (Martin and Sigmarsson, 2007).

Hekla er ein af virkustu eldstöðvum landsins og helsti framleiðandi súrrar kviku á nútíma. Á forsögulegum tíma hafa orðið nokkur stór plínísk eldgos, þar má nefna þau stærstu H3 og H4. Á sögulegum tíma hafa einnig orðið um 18 lágplínísk til plínísk eldgos (Larsen og Thorarinsson, 1977). Aðeins tvö söguleg eldgos hafa framleitt kviku með kíslíkrustyrk hærri en 66 þunga% en það eru gosið 1104, eða H1, sem er stærsta gosið á sögulegum tíma og næsta gos þar á eftir (Larsen et al., 1999). Gosið 1158 er minna þekkt en áætlað rúmmál gjósku sem upp kom var 0.33 km³. Í þessu gosi rann líklega fyrsta sögulega hraunið úr Heklu, Háahraun, en það er um 0.1 km³ að stærð og hefur sömu efnasamsetningu og 1158 gjóskan (Sigmarsson et al., 1992). Gjóskan hefur tiltölulega þróáða efnasamsetningu miðað við stutt goshlé, en aðeins 54 ár liðu frá 1104 gosinu. Það fellur því ekki að sambandi kíslíkurstyrks (%SiO₂) og lengd goshlés, sem Sigurður heitinn Þórarinsson (1967) fann með ljósbrotsmælingum á gleri fyrstu gjósku gosa frá og með 16. öld. Hvernig og hvar dasít kvikan sem gaus 1158 myndaðist og tengsl hennar við fyrri og seinni gos Heklu eru rannsóknarsþurningar þessa verkefnis. Samsætumælingar og bræðslutilraunir á amfibólíti (vatnaðri basaltskorpu undir þrýstingi) benda eindregið til þess að 10-20% hlutbræðsla skorpu undir Heklu gefi af sér dasítkviku (Sigmarsson et al. 1992).

Vikurmolum 1 sm og stærri var safnað úr gjóskulaginu H1158 í Skjólkvíum við Heklurætur. Gjóskan, eins og Háahraun, er óvenju auðug af kristöllum, af Heklugjósku að ræða, eða nálægt 10 rúmmálsprósentum. Þær steindir sem helst finnast í gjóskunni eru í eftirfarandi magnröð: plagióklas (plag), ólivín (ol), klínópýroxen (kpx), járn-titan oxíð, apatít og sulfíð. Efnagreiningar á gjóskunni sýna að samsetning glersins er að meðaltali 67.3 % SiO₂ (+/- 0.65 staðalfrávik (SF); n=107) eða sambærilegt við áður birtar niðurstöður (Larsen et al. 1999). Gler gjóskunnar er því mjög einsleitt og hið sama gildir um samsetningu ol (X=Fe₂₄ +/- 0.3 SF; n=54). Ólíkt gildir um plag og kpx sem hafa breytilega samsetningu eða frá An₃₅Ab₆₃ til An₅₄Ab₄₅ og #Mg (móhlutfallið MgO/(MgO+FeO) í prósentum) frá 40 til 45. Efnasamsetningar voru gerðar á rima ol, plag og kpx kristalla með örgreini sem og í því gleri sem var utan um þessa kristalla. Beinir og hreinir kristalfletir ol og plag eru í efnafræðilegu jafnvægi við glerið en rúnnaðar útlínur kpx kristalla gefa of lágan jafnvægisstuðul (K_d) fyrir Fe og Mg víxlun á milli kristals og bráðar eða 0.09 - 0.19. Hita- og þrýstingsmælar sem kvarðaðir hafa verið með tilraunum (sjá Putirka, 2008) má beita á þá fasa sem eru í jafnvægi. Olivín kristallaðist við um 900°C sem og plagióklas ef vatnsstyrkur kvikunnar var 5 % (mynd 1). Þessi styrkur H₂O er hinn sami og mældur hefur verið í glerinnlyksum af dasít samsetningu í ol dílum (Lucic et al., 2016;

Portnyagin et al., 2012) sem er í samræmi við 900 °C kristöllunarhitastig ol og plag. Endurspegli gjóskan frá 1158 skorpubráð þá bráðnaði skorpan nálagt 900 °C og gaf af sér dasítbráð með 5% H₂O. Hin vatnaða skorpa hefur þá ekki innihaldið nema 0.5-1% H₂O. Kíslirkasta kvika Heklu hefur aftur á móti allt að 6.2 % vatnsstyrk (Portnyagin et al., 2012) sem til verður eftir 20% hlutkristöllun á dasískri skorpubráð og gýs aðeins í stærstu gosum Heklu.



Mynd 1: Ólivín og plagióklas kristöllunar hitastig. Mismunandi niðurstöður eftir H₂O styrk bráðar eru sýndir. Besta samræmi fæst fyrir H₂O = 5 %.

Heimildir:

- Larsen, G. og Thorarinsson, S. (1977) H4 and other acid Hekla tephra layers. *Jokull* 27:28–46
- Larsen, G. Dugmore A. Og Newton, A. (1999) Geochemistry of historical-age silicic tephras in Iceland. *The Holocene* 9:463–471
- Lucic, G., Berg, A-S. og Stix, J. (2012). Water-rich and volatile-undersaturated magmas at Hekla Volcano, Iceland. *Geochem. Geophys. Geosyst.*, 17.
- Martin, E. og Sigmarsson, O. (2007) Crustal thermal state and origin of silicic magma in Iceland: The case of Torfajökull, Ljósufjöll and Snæfellsjökull volcanoes. *Contrib. Min. Petr.* 153, 593–605.
- Portnyagin, M., Hoernle, K., Storm, S., Mironov, N., van den Bogaard, C. og Botcharnikov, R. (2012). H₂O-rich melt inclusions in fayalitic olivine from Hekla volcano: Implications for phase relationships in silicic systems and driving forces of explosive volcanism on Iceland. *Earth and Planetary Science Letters* 357–358, 337–346.
- Putirka, K. D. (2008). Thermometers and Barometers for Volcanic Systems. *Reviews in Mineralogy & Geochemistry*, 69, 61–120.
- Sigmarsson O, Condomines, M. og Fourcade, S. (1992) A detailed Th, Sr and O isotope study of Hekla: differentiation processes in an Icelandic volcano. *Contrib Mineral Petr* 112:20–34
- Thorarinsson, S. (1967) The eruptions of Hekla in historical times: a tephrochronological study. In: Einarsson, T., Kjartansson, G. og Thorarinsson, S. (eds) *The eruption of Hekla 1947–1948. Societas Scientiarum Islandica I*, Leifur, Reykjavík, pp. 1–177

Eruption source parameters of historical subplinian-Plinian eruptions of Hekla volcano

Maria H. Janebo^{1,2}, Thorvaldur Thordarson³, Bruce F. Houghton¹,
Costanza Bonadonna⁴, Gudrun Larsen⁵ and Rebecca J. Carey⁶

¹ Department of Geology and Geophysics, SOEST, University of Hawai'i at Mānoa, Honolulu, USA

² Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Reykjavik, Iceland

³ Faculty of Earth Sciences, University of Iceland, Reykjavik, Iceland

⁴ Section of Earth and Environmental Sciences, University of Geneva, Geneva, Switzerland

⁵ Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Reykjavik, Iceland

⁶ School of Earth Science, University of Tasmania, Hobart, Australia

Hekla is one of the most active volcanic systems in Iceland, with more than 50 Holocene eruptions and 18 subplinian-Plinian eruptions since AD 1104. In the period 1970 to 2000, the frequency of such eruptions increased to once every decade. Hekla is currently inflated to above the levels observed prior to the most recent eruptions in 1991 and 2000. In general, the silica content of the initial magma, and the intensity of the opening phase, increases with increasing repose period. Explosive eruptions of Hekla, independent of magma composition, typically start with a subplinian or Plinian phase that produces a sustained ash plume. A future eruption of Hekla is therefore likely to pose a hazard to air traffic between North America and Europe.


We present an overview of four of the largest historical Hekla eruptions, taking place in 1104, 1300, 1693, and 1766. These eruptions cover a compositional range of rhyolite to andesite, previously estimated Volcanic Explosivity Index (VEI) values of 4 to 5 and with contrasting wind dispersal (dispersal axes NW to NNE). New isopach maps show both greater deposit thicknesses in the proximal region and wider dispersal than previously inferred, resulting in revised volume estimates (minimal values ranging between 0.18 and 0.91 km³). New isopleth maps were compiled and yield inferred plume heights of about 13 to 25 km, with corresponding mass eruption rates of 9.2×10^6 to 1.2×10^8 kg s⁻¹. Various methods of estimating eruptive volume, plume height, and mass eruption rate were used in order to assess the uncertainty in the derived eruption source parameters.

Eldgosin í Heklu 1991 og 1845, heildarkornastærðardreifing og blöðrustærðardreifing gjóskunnar frá upphafsfasanum.

Jónas Guðnason^{1,2}, Þorvaldur Þórðarson¹, Guðrún Larsen² og Bruce Houghton³

¹ Háskóli Íslands, Jarðvísindadeild, ²Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, ³Hawaii Háskóli, Jarðvísindadeild.

Upphafsfasi Heklu gosa er gríðarlega öflugur sprengifasi og myndar háan gosmøkk á stuttum tíma með verulegu gjóskufalli (t.d. Karl Grönvold o.fl., 1983; Ágúst Guðmundsson o.fl., 1992; Guðrún Larsen o.fl., 1992; Níels Óskarsson, 1980; Sigurður Þórarinsson og Guðmundur Sigvaldason, 1972). Til að rannsaka sprengivirknina í Heklugosunum 1991 og 1845 hefur útbreiðsla gjóskufallsins verið kortlöögð, heildarkornastærðardreifing gjóskunnar endurbyggð og blöðruinnihald gjóskunnar mælt. Heildarkornastærðardreifing gjóskulaganna beggja er tvítoppa með ráðandi gosmalar topp og veikari öskutopp. Gjóskulag Heklu 1845 er með miðgildið um $-2.5 \varphi / 6 \text{ mm}$ fyrir gosmalar toppinn og miðgildi ösku topssins er $4 \varphi / 0.063 \text{ mm}$, en í gjóskunni frá Hekla 1991 er með miðgildi gosmalar topssins $-3.5 \varphi / 11 \text{ mm}$ og miðgildi ösku topssins er $3.5 \varphi / 0.09 \text{ mm}$ (1. mynd). Til samanburðar hefur blöðurstærðardreifing gjóskunnar verið athuguð þar sem tíðasta gildið er frá 0.14–0.72 mm í gjóskunni frá Heklu 1991 og 0.16–0.29 mm í gjóskunni frá Heklu 1845.



1. mynd : Heildarkornastærðardreifing gjóskufallsins frá upphafsfasa Heklugosanna 1991 og 1845. Báðar dreifingarnar eru tvítoppa, með ráðandi gosmalar topp og hlutfalslega minni ösku topp.

Niðurstöður benda til breytileiki milli gosanna í framgangi og sundrunarferlum. Upphafsfasinn árið 1991 var með tveimur púlsum, sem benda til afgösunar samfara opnunar á gosrás og meiri ákefðar undir lok upphafsfasans. Gögning úr gjóskunni frá upphafsfasa gossins árið 1845 benda til viðvarandi virkni með mestri ákefð í upphafi gossins sem svo dvínaði jafnt og þétt með tíma samfara dvínandi nýmyndun blaðra.

Áður hefur verið bent á að líklega sé ákefð Heklugosa mest í gosbyrjun (t.d. Hekla 1947; Sigurður Þórarinsson, 1949). Niðurstöður okkar sýna að upphafsfasi Heklu 1845 var öflugastur í byrjun og sannreina þá kenningu að ákefðinn fer dvínandi með tíma. Á hinn bóginn benda gögnin frá Heklu 1991 að afl gossins hafi aukist með tíma í upphafs sprengifasanum, sem bendir til breytileika sem ekki hefur verið lýst áður í Heklugosum.

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
10. mars 2017

Heimildaskrá:

- Grönvold, K., Larsen, G., Einarsson, P., Thorarinsson, S., Saemundsson, K., 1983. The Hekla Eruption 1980-1981. Bull. Volcanol.
- Gudmundsson, A., Oskarsson, N., Grönvold, K., Saemundsson, K., Sigurdsson, O., Stefansson, R., Gislason, S.R., Einarsson, P., Brandsdottir, B., Larsen, G., Johannesson, H., Thordarson, T., 1992. The 1991 eruption of Hekla, Iceland. Bull. Volcanol. 54, 238–246.
- Guðnason, J., Þórðarson, Þ., Houghton, B., 2014. Hekla og elgosið 1845: Gjóskufallið og sundrun kvíkunnar í upphafi gossins. Ágrip, Jarðfræðafélag Íslands, Haustfundur.
- Höskuldsson, Á., Óskarsson, N., Pedersen, R., Grönvold, K., Vogfjörð, K., Ólafsdóttir, R., 2007. The millennium eruption of Hekla in February 2000. Bull. Volcanol. 70, 169–182.
- Larsen, G., Vilmundardóttir, E.G., Thorkelsson, B., 1992. Heklugosið 1991 : Gjóskufallið og gjóskulagið frá fyrsta degi gossins. Náttúrufræðingurinn 61, 159–176.
- Óskarsson, N., 1980. The interaction between volcanic gases and tephra: fluorine adhering to tephra of the 1970 hekla eruption. J. Volcanol. Geotherm. Res. 8, 251–266.
- Thorarinsson, S., 1968. Heklueldar. Rangæingafélagið, Reykjavík.
- Thorarinsson, S., 1949. The eruption of Hekla, 1947-1948, II 3: The tephra-fall from Hekla on March 29, 1947. Soc. Sci. Islandica 68.
- Thorarinsson, S., Sigvaldason, G.E., 1972. The Hekla Eruption of 1970. Bull. Volcanol. 36, 269–288.

A branched magma feeder system during the 1669 eruption of Mt. Etna: evidence from a time-integrated study of zoned olivine phenocryst populations

Maren Kahl^{1, 2, 3*}, Marco Viccaro^{4, 5}, Teresa Ubide^{6, 7}, Daniel J. Morgan³, and Donald B. Dingwell²

¹IES, University of Iceland, Sturlugata 7, IS-101 Reykjavík, Iceland

²DoEES, LMU Munich, Theresienstrasse 41, 80333 München, Germany

³SEE, University of Leeds, LS2 9JT Leeds, United Kingdom

⁴Università di Catania, Corso Italia 57, I-95129, Catania, Italy

⁵INGV-Sezione di Catania, Piazza Roma 2, I-95125 Catania, Italy

⁶Department of Geology, Trinity College Dublin, Dublin 2, Ireland

⁷SEES, The University of Queensland, Brisbane, QLD 4072, Australia

The 1669 eruption of Mt Etna was one of the most voluminous and devastating of its flank eruptions in historical times. Despite a large body of relevant research, knowledge of the timing and duration of magma transfer and magma recharge through the internal plumbing system preceding and during the eruption is still limited. To address that lack of knowledge, we apply a three-way integrated method, linking Systems Analysis of crystals, a time-integrated study of zoned olivine populations, and a forward-modelling approach using thermodynamic calculations. Analysis of 202 olivine crystals erupted during the initial (pre-March 20, i.e. *SET1*) and the final (post-March 20; i.e. *SET2* and *MtRs*) stages of the eruption reveals the existence of three different Magmatic Environments (MEs) in which the majority of the olivine cores [M_1 (=Fo₇₅₋₇₈)] and rims [i.e. M_5 (=Fo₅₁₋₅₉) and M_3 (=Fo₆₅₋₆₉)] formed.

Application of the *rhyolite-MELTS* software enabled us to constrain the key intensive variables associated with these MEs. We find that temperature, water content and oxidation state vary between these MEs. Application of diffusion modelling to the zoned olivine crystals enabled us to reconstruct the timing and chronology of melt and crystal transfer prior to and during the 1669 flank eruption. We find, that following the formation of the olivine cores [M_1 (=Fo₇₅₋₇₈)], the reservoir M_1 was intruded by batches of more evolved, degassed and possibly aphyric M_5 -type magma, commencing 1.5 years prior to eruptive activity. This is the origin of the *SET1* olivine rims (i.e. Fo₅₁₋₅₉). In the months prior to eruption, timescale data show that recharge activity along the newly established pathway M_1 - M_5 increased notably. Starting in November 1668, only a few weeks after the first intrusive episode into the M_1 reservoir, a second pulse of magma injections (M_3 -type magma) occurred and a new pathway M_1 - M_3 opened; this is how the *SET2* olivine rims (i.e. Fo₆₅₋₆₉) formed. For several weeks a bifurcated transport system with two dominant magma pathways developed along M_1 - M_5 and M_1 - M_3 dyke injections. Accompanied by vigorous seismicity, in the immediate days prior to eruption the local magma transfer dynamics changed and the M_1 - M_5 recharge activity slowed down, as shown by a relative lack of crystals recording shorter timescales. M_1 - M_3 recharge, however, remained high and persisted following the eruption onset on March 11, during which the *SET1* lavas were drained. We believe that the change of the local magma transfer dynamics might be linked to changes in the local stress field brought on during eruption. This may potentially have been due to repeated dyke injections into Etna's shallow plumbing system disrupting the early M_1 - M_5 pathway and at the same time stabilizing the M_1 - M_3 route as a dominant feeder. This transfer of system feeding would reproduce the observed syn-eruptive recharge and mixing in the weeks following eruption onset, culminating in the eruption of the later *SET2* lavas.

Kornalögun og samband yfirborðsvatns og kviku

Katrín Steinþórsdóttir og Ármann Höskuldsson

Háskóli Ísland, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík (kas68@hi.is)

Gosið í Grímsvötnum 2011 var stærsta gosið í megineldstöðinni síðan árið 1873. Gosið stóð yfir í sjö daga frá 21. til 28. maí. Í heild kom $0,2\text{--}0,3 \text{ km}^3$ magn af efni upp á þessum tíma, miðað við $0,02 \text{ km}^3$ í gosinu þar á undan árið 2004. Mest af efninu kemur upp á fyrstu tveim dögum gossins. Gosmökkurinn stígur upp í $15\text{--}20 \text{ km}$ hæð og gjóskað dreifist um stórt svæði til Skandinavíu, Bretlands og norður til Jan Mayen. Þetta hefur áhrif á íbúa landsins og á flug umferð.

Þar sem Grímsvötn eru staðsett undir ís er búist við að gosin séu að mestu leyti freaótómagmatísk, þar sem vatn á yfirborði veldur því að kvikan tætist í sundur. Þetta hefur aðal áhrif á kornalögun gjóskunar og er gjóskað í þessum gosum oft fínkornóttari. Magmatísk gos eru hinsvegar þar sem gösin í kvikunni valda tætingu kvikunnar. Vegna stærð gossins 2011 er rýnt í kornalögun á fimm sýnum til þess að skilja gosið betur.

Sýni voru tekin 28. júlí 2011, um tveimum mánuðum eftir byrjun gossins. Þau voru tekin í Háubungu í Vatnajökli sem er staðsett 7 km suður af eldstöðinni úr sniði 25/05/11-S3. Þau voru tekin úr fimm fösum yfir fyrstu 36 klukkustundirnar af gosinu. Sýni 1 er úr byrjun gossins og síðan fylgja hin með reglubundnum hætti eftri framgangi gossins. Eftir að sýnin voru þurrkuð voru þau hand sigtuð og sett í Seismograph til að fá rétta kornastærðardreifingu. Það er áberandi munur á sýnum 1,3 og 5 miðað við sýnin 2 og 4. Sýni 2 og 4 eru grófkornóttari og því jafnvel með minni áhrif frá yfirborðsvatni.

Til að skoða kornalögun sýnanna voru stærðirnar 3ϕ og 4ϕ skoðuð og mynduð í SEM og borin saman. Ef kvikan hefur verið tætt upp vegna yfirborðsvatns á leið upp á yfirborðið þá eru gjóskukornin þéttari í sér, kassalaga með köntuðum hliðum. Mörg af kornunum í þessum sýnum voru með þessari lögum en einnig voru mörg korn blöðrótt. Sum kornin voru aðeins með litlum blöðrum en önnur með litlum og stórum blöðrum og enn önnur með ílöngum blöðrum. Hlutfall þéttu, kassalegu kornanna var fundið fyrir stærð 3ϕ . Hlutföllin voru milli 19% til 27% nema í sýni 3 þar sem hlutfallið var aðeins 4%. Til að skoða þetta betur verða þessi hlutföll líka skoðuð fyrir stærð 4ϕ . Aukalega var skoðað lengd blaðranna í hverju sýni og reiknað meðaltað þeirra eða um $18\text{--}28 \mu\text{m}$. Einig verða sýnin sett í tækið Particle InsightTM til að fá betri heildar kornalögun. Með því tæki er hægt að finna hversu mikil áhrif yfirborðsvatnið hafði á kvikunni gegnum fasana í gosinu.

Mapping ground deformation with Sentinel-1 InSAR Interferometry in Iceland: Initial results and future prospects

Siqi Li, Vincent Drouin and Freysteinn Sigmundsson

Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland

